

## REGLUGERÐ

### um hækkun bóta almannatrygginga.

#### 1. gr.

Bætur almannatrygginga skulu hækka um 2% frá 1. febrúar 1988 frá því sem þær eru í janúar 1988.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. febrúar 1988.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. janúar 1988.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Páll Sigurðsson.*

## SAMÞYKKT

### fyrir menningarmiðstöð að Laugalandi, Holtum.

#### 1. gr.

*Markmið* menningarmiðstöðvarinnar skal vera að skapa sem besta aðstöðu fyrir:

- a) Skólalald Laugalandsskóla í samvinnu við skólanefnd.
- b) Safn bóka, skjala, mynda og nýsiefnis. Einnig fyrir hverskonar fræðiiðkanir í tengslum við safnið og útlán efnis sbr. 7. gr.
- c) Almennar íþróttaiðkanir.
- d) Lista-, félags- og fundarstarfsemi íbúa aðildarhreppanna.
- e) Móttöku utanaðkomandi aðila sem flytja menningarlegt efni, svo sem tónlistar- og leikhópa, listsýningar o.fl.

#### 2. gr.

*Eigendur og rekstraráðilar* menningarmiðstöðvarinnar eru Ásahreppur, Holtahreppur og Landmannahreppur í Rangárvallasýslu. Rekstrarkostnaður skal skiptast eftir sömu hlutföllum og gilda um rekstur Laugalandsskóla.

#### 3. gr.

*Stjórn* menningarmiðstöðvarinnar skipa 4 menn. Skulu hreppsnefndir aðildarhreppanna kjósa einn mann í stjórnina hver að afloknum hverjum sveitarstjórnarkosningum og annan til vara. Þá skal skólustjóri Laugalandsskóla eiga sæti í stjórninni. Flytji stjórnarmaður burt úr þeim hreppi sem hann er kosinn í skal varamaður taka sæti hans.

Formaður stjórnar skal vera frá aðildarhreppunum til skiptis eitt ár í senn. (Fyrstu 2 árin eftir hlutkesti). Að öðru leyti skiptir stjórnin sjálf með sér verkum.

#### 4. gr.

Verkefni stjórnar eru:

- a) Að ráðstafa húsnæði til notkunar að því leyti sem ekki er undanskilið í 6. og 7. gr.
- b) Að ráða starfsfólk sem nauðsynlegt er til þess að rekstur geti gengið eðlilega.

- c) Að ákveða gjald fyrir afnot stöðvarinnar, bæði aðgangseyri og leigugjald og sjá um innheimtu þess.
  - d) Að sjá um að húsi og munum sé vel við haldið og eðlileg endurnýjun áhalda og búnaðar fari fram.
  - e) Að sjá til þess að ræsting og umgengni sé jafnan í góðu lagi bæði úti og inni og að ýtrasta hreinlætis sé gætt.
  - f) Að sjá um fjárreiður og reikningshald stöðvarinnar.
  - g) Að sjá til að haldin sé nákvæm dagbók um notkun stöðvarinnar umfram notkun Laugalandsskóla skv. 6. gr. og bókasafns skv. 7. gr.
  - h) Að halda aðalfund skv. 5. gr. og aðra fundi eftir því sem tilefni gefast til.
- Skýlt er að halda stjórnarfund hvenær sem einn stjórnarmaður óskar þess. Falli atkvæði jöfn á stjórnarfund skal atkvæði formanns ráða.
- Halda skal gerðarbók um alla fundi.

## 5. gr.

*Aðalfund* skal halda ár hvert eigi síðar en í febrúar.

Til hans skal boða með minnst viku fyrirvara.

Rétt til setu á aðalfundi eiga:

- a) Allir kjörnir sveitarstjórnarmenn í aðildarhreppunum.
- b) Stjórn menningarmiðstöðvarinnar.
- c) Skólanefnd Laugalandsskóla.
- d) Safnsnefnd aðildarhreppanna (sbr. 7. gr.).
- e) Fulltrúi kennara Laugalandsskóla á skólanefndarfundum.
- f) Fulltrúi kvenfélaga og ungmennafélaga á svæðinu, einn fyrir hvert félag.
- g) Aðrir íbúar aðildarhreppanna með málfrelsi og tillögurétt.

Á aðalfundi sker einfaldur meirihluti úr um afgreiðslu mála nema samþykkt tillögu feli í sér fjárútlát fyrir hreppana, þá nægir beiðni eins sveitarstjórnarmanns til að tillögunni skuli vísað til hreppsnefndanna til afgreiðslu. Komi ekki fram slík beiðni fær tillagan venjulega afgreiðslu aðalfundar þótt hún feli í sér fjárútlát.

Á aðalfundi skal stjórnin leggja fram skýrslu um starfsemi liðins árs svo og endurskoðaða reikninga til afgreiðslu. Þar skal og leggja fram drög að gjaldskrá fyrir húsið og áætlun um nýtingu þess og viðhald.

Aðalfundur kýs 2 endurskoðendur til eins árs og 2 til vara. Formannaskipti samkvæmt 3. gr. skulu vera að loknum aðalfundi.

## 6. gr.

*Laugalandsskóli skal hafa forgang* að notkun á einstökum hlutum hússins sem hér segir: *Íþróttahús, hliðarrými þess og fyrirhuguð sundlaug*: Alla reglulega skóladaga til klukkan 16 og einn skóladag í viku áfram til klukkan 19.

*Eldhús, matsalur, leiksvið, svalir*: 28. ágúst til 31. maí mánudaga til föstudaga. Þó skal ætíð haft samráð við matráðskonu skólans ef lána skal vélar eða áhöld í eldhúsi.

*Almennar skólastofur*: 28. ágúst til 31. maí alla daga vikunnar.

*Smíðastofa* og aðrar skólastofur sem útbúnar kunna að verða til sérnota, sömuleiðis norðurhluti kennslurýmis yngri barna í kjallara (Súlnasalar): Allt árið.

*Stjórnunarrými*: Skrifstofa, kennarastofa, vinnuherbergi kennara, ljósritunaraðstaða og áhalda- og bókaeymslur: Allt árið. Öll notkun húsnæðis innan ofangreindra marka er háð samþykki skólastjóra hverju sinni.

Þurfi skólinn á meira húsnæði að halda en hann hefur forgang að, samkvæmt ofansögðu, þarf hann að sækja um og greiða fyrir það eins og aðrir.

## 7. gr.

Samstarfshrepparnir stefna að því að koma upp sameiginlegu *almennings- og skóla-safni*. Setja skal safninu sérstaka stjórn og reglur um starfsemi þess.

Skóli og safnsnefnd hafa allt árið full yfirráð yfir húsnæði safnsins.

## 8. gr.

Allir notendur menningarmiðstöðvarinnar skulu greiða gjald fyrir afnot sín nema Laugalandsskóli innan þeirra marka sem sett eru í 6. gr. og safnsstjórn samkvæmt 7. gr.

## 9. gr.

Stjórn menningarmiðstöðvarinnar er heimilt að ráða húsvörð og fela honum framkvæmd á fleiri eða færri verkum stjórnar samkvæmt 4. gr.

Húsvörði skal sett erindisbréf sem greini sem nákvæmast verksvið hans, réttindi og skyldur.

Húsvörður skal reglulega gera skil á þeim fjárreiðum sem honum eru faldar til gjaldkera hússtjórnar.

## 10. gr.

Óski sveitastjórnir ein eða fleiri eftir endurskoðun þessarar samþykktar skal beiðni um það lögð fram á aðalfundi og stjórn menningarmiðstöðvarinnar vinna að málinu til næsta aðalfundar.

## 11. gr.

Samþykkt þessi tekur gildi strax og hreppsnefndir Ása-, Holta- og Landmannahrepps hafa samþykkt hana og hún verið staðfest af menntamálaráðuneytinu.

*Menntamálaráðuneytið, 11. janúar 1988.*

**Birgir Ísl. Gunnarsson.**

Knútur Hallsson.

## REGLUR

### um kaup ríkisins á váttryggingum.

## 1. gr.

Reglur þessar skulu gilda um váttryggingar allra ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja.

Fjármálaráðuneytið, fjárlaga- og hagsýslustofnun, hefur yfirumsjón með váttryggingamálum ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja, eftir því sem nánar segir í reglum þessum.

## 2. gr.

Ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki skulu að jafnaði einungis kaupa þær tryggingar sem skylt er að hafa lögum samkvæmt og er þeim óheimilt að gera váttryggingasamninga, nema með þeim undantekningum sem í reglum þessum greinir.

## 3. gr.

Tryggingar ríkisins gagnvart starfsmönnum þess ákvarðast í kjarasamningum sem fjármálaráðuneytið gerir fyrir hönd ríkissjóðs og samkvæmt lögum. Tryggingar þessar skulu vera í eigin áhættu ríkisins.